

# Fréttabréf Vallarsels

Desember 2016

## Skólastarfið

Nú er desember genginn í garð og þá einkennist skólastarfið okkar af tilhlökkun, fallegum ljósum og skreytingum og nóg að gera á öllum deildum. Við vinnum mikið í listasmiðju og svo er öllum jólatónleikum lokið. Þeir tókust vel að vanda og þökkum við öllum þeim fjölmörgu sem heimsóttu okkur innilega fyrir komuna. Líka þeim sem komu á opið hús sem var í lok nóvember. Það er alltaf gaman þegar foreldrar geta heimsótt okkur til að eiga næðisstund með börnum sínum. Í desember viljum við leggja áherslu á rólegheit, samveru og fallega tónlist en þó eru alltaf nokkrir fastir punktar sem við viljum nefna.



## Aðventustundir

Á aðventunni hittumst við í salnum, kveikjum á kertum og syngjum saman falleg lög og var sú fyrsta 1.des s.l. Þetta eru yndislegar stundir sem einkennast af ró og næði og skipta okkur máli.

**Föstudaginn 15. desember** verða **litlu jólin** og **rauður dagur** í skólanum. Þá verður jólaball, með tilheyrandi heimsókn frá góðum gesti ☺. Við borðum svo jólamat í hádeginu. Þennan dag mæta allir í sunnudagafötunum og gaman að mæta í einhverju **rauðu** sé þess nokkur kostur, geta þess vegna bara verið **rauðir** sokkar eða **rauð** húfa.



## Margnota pokar

Í nokkurn tíma höfum við verið að leita leiða til að minnka plastpokanotkun í skólanum, sem er allt of mikil. M.a. hefur það tíðkast að óhrein og blaut fót séu sett í plastpoka. Nú verður breyting þar á, því við eigum von á margnota pokum sem við ætlum að gera tilraun með og til að vel takist til biðjum við ykkur að koma í þessa samvinnu með okkur. Það að vera virkur í að vernda umhverfi okkar á að skipta okkur öll máli. Þetta verður kynnt nánar fyrir ykkur á fb-síðum deildanna þegar þar að kemur.

## Nokkur praktísk atriði

Frí um jólin - undanfarin ár hafa mörg börn verið í fríi einhverja daga um eða í kringum jól og áramót. Til að auðvelda okkur skipulag eldhúss biðjum við ykkur að láta vita á deildum barna ykkar ef þau verða í frí þessa daga. Í forstofum deilda verða listar sem hægt er að skrá mögulegar fjarvistir.

Í skóinn - á mörgum heimilum tíðkast það að góður gestur laumar einhverju skemmtilegu í skóinn fyrir jólin. Við biðjum um að það sem kemur í skóinn sé geymt heima.

Svefntíminn - mikilvægt er að börn í leikskóla fái nægan og góðan tíma fyrir svefn yfir sólarhringinn til að vera vel upplögð á sínum leikskólatíma. Það er álag að vera allan daginn í leik og starfi og bætist enn á ef börnin eru illa sofin. Við höfum þá trú kærur foreldrar að þetta skipti ykkur líka máli og biðjum ykkur að börnunum sé alltaf tryggður góður svefntími.

Útivera - það þarf að fara vel yfir töskurnar allar helgar og þvo og þrifa það sem þarf og passa að ekkert vanti upp á auka - og eða hlýjan útifatnað.

Láta vita um frí - öll börn eiga rétt á sinni leikskóladvöl á milli jóla og nýjárs en margir foreldrar hugsa sér að hafa börn sín heima í frí. Til að taka tillit til eldhússins biðjum við ykkur, ef þess er nokkur kostur, að láta vita á deildum ef þau verða í frí.

Opnunartími - skólinn er opinn eins og venjulega milli jóla og nýjárs.

Priðjudaginn 2. janúar 2018 - sem er fyrsti virki dagur á nýju ári er skipulagsdagur og skólinn því lokaður.

**Kæru foreldrar og forráðamenn, við sendum ykkur óskir um góða daga og ljúfar stundir á aðventunni og vonum að þið getið notið samvista með öllum ykkar um jólahátíðina.**

